

Bréf skóla- og frístundasviðs dags. 19. janúar 2020 til íbúaráða – ósk um umsögn um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030.

Stefna um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030

Óskað er umsagnar móttökuaðila þessa erindis um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030.

Skýrsla stýrihóps fylgir með þessu erindi til nánari skýringar.

Stefnan og skýrsla stýrihóps er í viðhengi með þessum tölvupósti.

Fundargerð og önnur gögn vegna málsins má finna á vef borgarinnar:

<https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-198>

Gögn í viðhengi með þessum tölvupósti:

Stefna – framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030

Skýrsla stýrihóps - um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030

Frestur til að skila inn umsögn er til og með 8.febrúar 2021.

Umsagnir sendist á sfs@reykjavik.is

Megináhersla í vinnu stýrihóps var lögð á eftirfarandi atriði:

- almenna þátttöku og ábyrgð á tónlistaruppeldi barna og unglinga og aukna söngiðkun
- gæði og fjölbreytni tilboða til tónlistarnáms með áherslu á börn og unglinga
- jöfnuð tækifæra til tónlistarnáms eftir svæðum í borginni
- betri nýtingu tækni sem í boði er á hverjum tíma til að efla tónlistarnámið
- góða nýtingu fjármagns sem lagt er í tónlistarnám og öflugra símenntun
- eflingu starfsemi skólahljómsveita með sérstakri áherslu á bættu aðstöðu
- góða stjórnslu, skýra ferla og vandað vefumhverfi vegna tónlistarnáms í borginni
- gott aðgengi að upplýsingum um framkvæmd tónlistarkennslunnar
- öflugt samstarf ólíkra aðila, sýnileika og samnýtingu

Almenn umsögn – ábendingar:

Fram þurfa að koma upplýsingar um umsagnaraðila

Nafn umsagnaraðila og fyrir hönd hvaða aðila er svarað ef um slíkt er að ræða

Kennitala umsagnaraðila eða þess aðila sem svarað er fyrir

Tengsl umsagnaraðila við verkefnið

Netfang (ef annað en móttökunetfang erindis - til að ná í umsagnaraðila ef óskað er eftir frekari upplýsingum)

Hægt er að hafa eftirfarandi í huga:

- Helstu styrkleikar verkefnisins að mati umsagnaraðila (tilgreina 1-5 (10) atriði)
- Helstu veikleikar verkefnisins að mati umsagnaraðila. (tilgreina 1-5 (10) atriði)
- Atriði sem þarf að skýra betur í verkefninu að mati umsagnaraðila. (tilgreina 1-5 (10) atriði)
- Annað sem umsagnaraðili vill taka fram.
- Gott er að vísa til tiltekinna atriða í stefnunni – meginmarkmiða eða áhersluatriða

Kveðja

Anna Garðarsdóttir

**Skrifstofa sviðsstjóra
Skóla- og frístundasvið
Department of Education and Youth
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík**